



## Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-060U016**

Dagsetning: **7. júlí 2016**

Staðsetning: **Reykjanesbraut við Hafnaveg**

Atvik: **Hliðararékstur, bifhjólaslys**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

## Samantekt

*Snemma að morgni 7. júlí 2016 var vörubifreið ekið inn á Reykjanesbraut frá Hafnavegi í veg fyrir bifhjól með heim afleiðingum að ökumaður bifhjólsins lést.*

## Aðstæður

### Látinn:

34 ára karlmaður

### Veður og birta:

Bjart, 12°C, N 4 m/s

### Vegur:

Bundið slitlag. Þurr yfirborð. Hámarkshraði 70 km/klst.

Meðaltalsumferð á sólarhring er um 11 til 13 þúsund ökutæki um Reykjanesbraut og 2347 um Hafnaveg.


### Tími sólarhrings:

07:09

### Ökutæki:

Suzuki GSX þungt bifhjól, nýskráð árið 2001.

Scania G450 vörubifreið, nýskráð 2013 með Schmitz SCB festivagn, nýskráður 2015.



## Lýsing á slysi

Snemma morguns hinn 7. júlí 2016 var bifhjóli ekið austur Reykjanesbraut. Veður var gott, lítil vindur, þurrt og bjart. Rétt áður en bifhjólið kom að vegamótum við Hafnaveg var Scania vörubifreið með festivagn ekið inn á Reykjanesbrautina í vinstri beygju í veg fyrir hjólið. Ökumaður bifhjólsins hemlaði þannig að a.m.k. annað hjólið læstist og lenti bifhjólið harkalega á vinstri hlið vörubifreiðarinnar. Lést bifhjólamaðurinn samstundis. Einn farþegi var í vörubifreiðinni auk ökumanns.



**Mynd 1: Mynd af vettvangi tekin í akstursátt bifhjólsins (austur).**

Ummerki voru á malbiki á slyssað eftir hemlun bifhjólsins. Upphaf hjólfaranna var í rúmlega 20 metra fjarlægð frá árekstrarstað. Hemlaförin voru um 9 metrar að lengd, en í lok þeirra mátti greina að hjólið hafi fallið á hliðina og þannig runnið á vinstri hlið vörubifreiðarinnar.

Ökumaður bifhjólsins, 34 ára karlmaður, var vel útbúinn fyrir bifhjólaakstur. Hann var með hjálm, íklæddur leðurbuxum, leðurjakka, stígvélum og með hanska. Fatnaðurinn var marglitur, svartur, blár, hvítur og grár.

Að sögn ökumanns vörubifreiðarinnar stöðvaði hann við vegamótin vegna stöðvunarskyldu og beið á meðan nokkrar bifreiðar óku hjá á Reykjanesbrautinni. Hann kvaðst aldrei hafa séð bifhjólið þrátt fyrir að hafa litið vel til beggja átta. Gögn fengin úr ökurita vörubifreiðarinnar benda hins vegar til þess að henni hafi verið ekið á um 20 km/klst hraða inn á vegamótin án þess að stöðva við stöðvunarskyldu. Framburður vitnis rennir stoðum undir þessa niðurstöðu.

Miðað við útreiknaðan hraða bifhjólsins og gögn úr ökurita vörubifreiðarinnar var bifhjólið um 90 metra frá vörubifreiðinni þegar henni var ekið yfir stöðvunarlínuna inn á Reykjanesbrautina.

Að mati nefndarinnar hægði ökumaður vörubifreiðarinnar vel á sér en stöðvaði sennilega ekki á vegamótunum.

### Áverkar

Ökumaður bifhjólsins lenti á mikilli ferð á hlið vörubifreiðarinnar og hlaut banvæna fjölaverka. Ökumaður og farþegi vörubifreiðarinnar hlutu ekki meiðsl í slysinu.

### **Ökutækin**

Vörubifreiðin var af gerðinni Scania G450, nýskráð 2013. Bifreiðin hafði verið færð til aðalskoðunar viku fyrir slysið. Festivagninn var af gerðinni Schmitz SCB, nýskráður 2015. Bæði vagninn og bifreiðin voru með fulla skoðun þegar slysið varð. Samtals var lengd bifreiðar og vagns rúmir 15 metrar. Vörubifreiðin og festivagninn voru tekin til rannsóknar eftir slysið. Útsýn var óskert úr öikumannssæti vörubifreiðarinnar, rúður hreinar og stilling spegla eðlileg. Hemlun mældist yfir lágmarkskröfum reglugerðar fyrir bæði bifreið og vagn. Orsök slyssins verður ekki rakin til ástands ökutækjanna.

Bifhjólið var af gerðinni Suzuki GSX R750, nýskráð árið 2001. Hjólið hafði verið fært til aðalskoðunar 30. apríl 2016 og var með fulla skoðun. Samkvæmt rannsókn á bifhjólinu eftir slysið var ástand þess gott fyrir slysið. Hjólið var ekki útbúið hemlælæsivörn (ABS).

### **Ökuhraði**

Hámarkshraði á Hafnavegi er 50 km/klst. Hraði vörubifreiðarinnar þegar áreksturinn varð var lítill. Leyfður hámarkshraði á þessum hluta Reykjanesbrautar er 70 km/klst. Samkvæmt hraðaútreikningi var reiknaður hraði bifhjólsins rétt fyrir slysið 76 til 100 km/klst. Líklegasti hraði reiknaðist 88 km/klst.

### **Vegur og umhverfi**

Á slysstað liggur Reykjanesbraut í mjúkri vinstri beygju fyrir umferð til austurs. Umferðareyjur sem aðskilja akstursáttir eru beggja vegna vegamótanna. Ökutæki á 70 km/klst hraða er um 9 sekúndur að ferðast 180 metra og um 7 sekúndur ef hraðinn er 90 km/klst. Ökumenn sem aka austur Reykjanesbraut hafa góða yfirsýn inn á Hafnaveg í um 150 metra fjarlægð frá vegamótunum.

Stöðvunarskylda var á umferð frá Hafnavegi inn á Reykjanesbraut. Þegar ekið er eftir Hafnavegi að vegamótunum er hæð í landslaginu sem birgir sýn til vinstri (í vestur), en við vegamótin er sýn vestur Reykjanesbraut um 180 metrar.

Þegar slysið átti sér stað skein sólin úr norðaustri og birgði ökumanni vörubifreiðarinnar því ekki sýn á bifhjólið. Mikil umferð er um Reykjanesbraut á þessum stað, vel yfir 10 þúsund ökutæki á sólarhring sem gerir vinstri beygju af Hafnavegi inn á Reykjanesbraut erfiða. Hringtorg eru bæði vestan og austan við vegamótin. Hringtorg eru öruggari en hefðbundin vegamót m.t.t. banaslysa. Skömmu eftir slysið var vegamótunum breytt á þann veg að vinstri beygja inn á Reykjanesbraut var bönnuð frá Hafnavegi og þurfa ökumenn því að aka að hringtorgi til að fara til vesturs frá Hafnavegi.



Mynd 2: Loftmynd af vegamótunum skömmu eftir slysið.



Mynd 3: Reykjanesbraut liggur upp hæð vestan við vegamótin og útsýn því takmörkuð.

### Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar var neikvæð á ökumanni vörubifreiðarinnar. Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar var einnig neikvæð á ökumanni bifhjólans.

### Orsakagreining

- Ökumaður vörubifreiðarinnar virti sennilega ekki stöðvunarskyldu og ók inn á Reykjanesbraut í veg fyrir bifhjólið
- Ökumaður vörubifreiðarinnar leit til beggja hliða en veitti bifhjólinu ekki eftirtekt
- Ökumaður bifhjólans ók yfir hámarkshraða

## Athugasemdir

### Vegamótin

Eftir slysið voru gerðar endurbætur á vegamótum Reykjanesbrautar og Hafnavegar. Vinstri beygjan af Hafnavegi var bönnuð og þurfa ökumenn að fara aðra leið inn á veginn til vesturs. Að mati nefndarinnar var breytingin til bóta fyrir umferðaröryggi á þessum stað.

### Leit en sá ekki

Þekkt er úr slysarannsóknnum að algengt er að ökumenn líti til annarrar umferðar en taki samt ekki eftir atriðum í sjónsviði þeirra sem skipta máli. Þetta er nokkuð algengt þegar ekið er í veg fyrir bifhjól eða reiðhjól. Mikilvægt er fyrir ökumenn að muna eftir þessum vegfarendahópum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til ökumanna að hafa bif- og reiðhjól sérstaklega í huga í umferðinni til að minnka líkur á alvarlegum mistökum. Góð regla er að líta tvisvar eftir umferð áður en ekið er inn á veg eða skipt um akrein.

### Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir  
Ásdís J. Rafnar  
Guðmundur Freyr Úlfarsson  
Guðrún Nína Petersen

### Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson  
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 12. október 2018  
Rannsóknarnefnd samgönguslysa